

NÁMSKRÁ

Samfélagstúlkun



NAFN NÁMSKRÁR

Samfélagstúlkun
Námskrá númer 19-430-3-130

VINNUSTUNDIR NÁMSMANNNS

130 Klukkustundir

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði
eldri en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

Allt að 6 framhaldsskólaeiningar

Námskrá fyrir námskrárgrunn MMS var unnin af Mími-símenntun árið 2019

Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ	1
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	1
SKIPULAG	3
NÁMSMAT	3
STARFSNÁM.....	3
FRJÁLST VAL.....	3
UMFANG OG INNIHALD	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSÞÆTTIR	4
NÁMSÞÆTTIR.....	5
AÐ VINNA AÐ LAUSNUM (F-STSH2VL-17)	5
AÐ VINNA UNDIR ÁLAGI (F-STSH3VÁ-10).....	6
FJÖLMENNINGARFÆRNI (F-STHÆ2FF-5)	7
NATNI OG NÁKVÆMNI (F-STHÆ3NN-3).....	8
SJÁLFSTJÓRN (F-STHÆ3SS-2)	9
SJÁLFSTRAUST (F-STHÆ4ST-3).....	10
SKILNINGUR Á STARFSEMINNI (F-STSH3SS-3)	11
VIÐSKIPTAVINURINN Í BRENNIDEPLI (F-STSH2VV-16)	12
PRAUTSEGJA/SEIGLA (F- STHÆ3SP-4)	13
STARFSHÆFNI (F-ALSH3SH-28).....	14
VIÐAUKAR	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
RÖÐUN NÁMSÞÁTTA Á NÁMSKEIÐ	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSKEIÐ 2 – SAMFÉLAGSLÆSI	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKEIÐA	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSKEIÐ 3- ALMENN STARFSHÆFNI	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSKEIÐ 3 – SAMSKIPTI VIÐ VIÐSKIPTAVINI	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
FÆRNIMAPPA OG / EÐA VERKDAGBÓK	17

Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám og námslýsingum FA.

Samfélagstúlkur

Lýsing

Námskráin Samfélagstúlkun byggir á starfaprófilnum „Starf samfélagstúlka“. Námskráin lýsir námi á þriðja þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun eins og því er lýst í starfaprófil. Hluti námsins er á hærra þrepi en námskráin almennt og þurfa þátttakendur að hafa hæfni, þekkingu og færni til að takast á við alla hluta námsins.

Markmið með náminu er að einstaklingar sem sinna samfélagstúlkun hafi þá hæfni sem þarf til að sinna skilgreindum viðfangsefnum samkvæmt hæfnigreiningu starfsins á árangursríkan hátt og geti þróast í starfi. Samfélagstúlkur miðlar munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins. Hann þarf að hafa þekkingu á tveimur eða fleiri tungumálum, mismunandi menningarheimum og siðavenjum.

Samfélagstúlkur starfar sjálfstætt og ber ábyrgð á eigin þekkingu og þarf að meta getu sína til verksins. Hann þarf að hafa skilning á túlkunarferlinu við mismunandi aðstæður og tryggja að aðilar skilji hlutverk og verklag túlksins. Helstu viðfangsefni samfélagstúlksins eru að: undirbúa verkefni og ganga úr skugga um eðli þess, túlka í lotum eða samtímis, glósa ef þarf, gera grein fyrir verklagi túlkunar.

Samfélagstúlkur túlkar allt sem fram kemur á milli viðmælenda og þarf jafnframt að gera sér grein fyrir að sumt er ekki hægt að þýða og þarf því stundum að útskýra, leiðrétta eða spyrja út í efnið í miðju samtali. Hann leggur sig fram um að vera traustvekjandi og sýnir viðstöddum virðingu og kurteisi.

Samfélagstúlkur túlkar samskipti milli fólks og opinberra stofnana víðs vegar í félags- mennta- og heilbrigðiskerfinu, í félagslegum aðstæðum í daglegu lífi, á vinnustöðum og hjá félögum þar sem hagsmunir annarra en hans eigin eru undir. Námið er 130 klukkustundir að lengd, sem mögulegt er að meta til 6 eininga á framhaldsskólastigi

Inntökuskilyrði:

Námið er ætlað fullorönu fólki á vinnumarkaði með þá hæfni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins.

Markhópur:

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfis

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti

Þekkingarviðmið:

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- túlkunarferlinu við mismunandi aðstæður. Þá þarf hann að tryggja að allir aðilar skilji hlutverk túlks og nauðsyn þess að gengið sé úr skugga um eðli verkefnis og tungumáls. Auk þess þarf hann að undirbúa verkefni og taka við gögnum ef þarf/þau eru til og meta hvenær á að túlka í lotum eða samtímis (hvísaltúlkun).

- gagnlegum aðferðum í samskiptum og samstarfi
- hlutverki sínu sem samfélagstúlkur
- skipulagi vinnu sinnar

Leikniviðmið:

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla upplýsingum milli aðila sem ekki tala sama tungumál og glósa ef þarf
- eiga árangursrík samskipti
- veita endurgjöf og meta árangur

Hæfniviðmið:

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka í lotum eða samtímis (hvísltúlkun) og glósa ef þarf
- vinna sjálfstætt við skipulag og framkvæmd túlkunar og að styðja við starfspróun sína
- stuðla að góðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra og móta gott andrúmsloft á túlkunarstað

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með námsleiðinni, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Einnig að leiðbeinendur skili og kynni nemendum kennsluáætlun hvers námsþáttar.

Í kennsluáætlun koma fram upplýsingar um kennsluaðferðir, námsefni, hæfniviðmið og námsmat auk tímasetninga á yfirferð efnisþátta og verkefnaskila þar sem við á. Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi, ber ábyrgð á þjónustu við þátttakendur auk þess að skipuleggja hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar.

Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögnum og verkefni. Miðað er við að verkþjálfun fari fram samhliða til að styðja við yfirfærslu náms þegar það á við.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum aðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema auk þess sem áhersla er á að bæði leiðbeinandi og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig gangi að ná hæfniviðmiðum. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Starfsnám

Verkþjálfun skal fara fram samhliða náminu til að styðja við yfirfærslu náms og vera við eins raunverulegar aðstæður og kostur er. Verkefnastjóri útfærir starfsnámið í takt við þarfir samstarfsaðila og námshópsins hverju sinni. Verkefnastjóri náms og/eða yfirmaður þjálfunar á vinnustað fylgist með framvindu, tryggir að þjálfun nái til allra þátta í náminu og styðji nema í því sem snýr að þjálfun á vinnustað. Slíkt má til dæmis að hluta gera með lokaverkefni þar sem unnið er með alla þætti námsins.

Frjálst val

Heimilt er, með skriflegu samþykki FA, að fella niður námsþætti og bæta skyldum námsþáttum við, án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið eða tilgang námskránnar.

Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. Heild	Klst. fræðslu	Klst. Framlag-viðbót	Eining	Þrep
Að vinna að lausnum	F-STSH2VL (17)	10	10	0	0,5	2
Að vinna undir álagi	F-STSH3VÁ (10)	10	10	0	0,5	3
Fjölmeningarfærni	F-STHÆ2FF (5)	10	10	0	0,5	2
Natni og nákvæmni	F-STHÆ3NN (3)	10	10	0	0,5	3
Sjálfstjórn	F-STHÆ3SS (2)	10	10	0	0,5	3
Sjálfstraust	F-STHÆ4ST (3)	10	10	0	0,5	4
Skilningur á starfseminni	F-STSH3SS (9)	10	10	0	0,5	3
Viðskiptavinurinn í brennidepli	F-STSH2VV (16)	10	10	0	0,5	2
Þrautseigja / seigla	F-STHÆ3Sp (4)	10	10	0	0,5	3
Almenn starfshæfni	F-ALSH3SH (28)	40	20	20	1,5	3
Vinnuframlag námsmanns		130	110	20	6	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Að vinna að lausnum (F-STSH2VL-17)

Þrep	2
Vinnustundir	10
Námsgrein	Sértæk starfshæfni
Viðfangsefni	Að vinna að lausnum

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að greina og leysa algeng vandamál/viðfangsefni með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að leysa þau, komi þau upp í starfi..

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþátta

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta greint vandamál/frávik sem orsakast af nokkrum atriðum, flestum augljósum.
- Vita hvernig aðrir hafa leyst verkefni af þessu tagi.
- Velja ákjósanlega lausn eftir að hafa vegið og metið kosti og galla ýmissa aðferða.
- Meta árangur og skilvirkni úrlausna eftir framkvæmd verkefnis.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Að vinna undir álagi (F-STSH3VÁ-10)

Þrep	3
Vinnustundir	10
Námsgrein	Sértæk starfshæfni
Viðfangsefni	Að vinna undir álagi

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að vinna ávallt samviskusamlega og vera sjálfum sér samkvæmur með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni til að vinna á skilvirkan hátt undir álagi þrátt fyrir streituaðstæður.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Halda heilbrigðri dómgreind og taka rökréttar ákvarðanir þrátt fyrir streituvaldandi aðstæður.
- Líta á streituvaldandi aðstæður sem áskorun frekar en ógn.
- Þróa með sér viðbrögð til að fást á árangursríkan hátt við mikla streitu/mikið álag.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Fjölmenningsfærni (F-STHÆ2FF-5)

Þrep	2
Vinnustundir	10
Námshgrein	Starfstengd hæfni
Viðfangsefni	Fjölmenningsfærni

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að nýta eigin menningargildi og þekkingu til að vinna á árangursríkan hátt með einstaklingum af mismunandi uppruna við ólíkar aðstæður með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að aðlaga framkomu sína á vinnustað að skilningi á fjölmenningu.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ræða um fjölmenningu á opinn og gagnsæjan hátt.
- Hvetja til uppbyggilegra umræðna um mismun.
- Vinna vel með hópi fólks af ólíkum uppruna.
- Laga eigin framkomu á vinnustað að viðurkenndum viðhorfum til fjölmennings.
- Taka þátt í verkefnum sem stuðla að fjölmenningu á vinnustað.
- Viðurkenna og virða fjölbreytni.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Natni og nákvæmni (F-STHÆ3NN-3)

Þrep	3
Vinnustundir	10
Námsgrein	Starfstengd hæfni
Viðfangsefni	Natni og nákvæmni

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að vinna ávallt samviskusamlega og vera sjálfum sér samkvæmur með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að láta sig vandvirkni og nákvæmni varða.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina mismunandi nálganir/leiðir að upplýsingum til að tryggja að gefinn sé gaumur að öllum atriðum
- Fara yfir verk annarra til að ganga úr skugga um að nákvæmni sé gætt
- Fylgja verkefnum eftir til að tryggja að þeim sé lokið að fullu og að allir hafi staðið við sitt
- Votta að verkum sé lokið í samræmi við verklagslýsingar og viðmið.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Sjálfstjórn (F-STHÆ3SS-2)

Þrep	3
Vinnustundir	10
Námsgrein	Starfstengd hæfni
Viðfangsefni	Sjálfstjórn

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að íhuga stöðugt reynslu sína til þess að bæta eigin frammistöðu með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að axla ábyrgð á eigin verkum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Axla persónulega ábyrgð á niðurstöðum þrátt fyrir að hafa ekki haft stjórn á öllum þáttum en hefði getað gert það.
- Axla ábyrgð á eigin verkefnum/viðfangsefnum með því að skipuleggja og meta eigin störf.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Sjálfstraust (F-STHÆ4ST-3)

Þrep	4
Vinnustundir	10
Námsgrein	Starfstengd hæfni
Viðfangsefni	Sjálfstraust

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að sýna fram á raunsæja trú á eigin getu með áherslu á að gera námsmanni kleift að tala opinskátt og vafningalaust um sérþekkingu sína.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna sjálfstraust til að vera ein(n) á báti þegar á þarf að halda.
- Tala opinskátt og vafningalaust við þá sem eru hærra settir af sannfæringarkrafti og stillingu (t.d. yfirmenn, hagsmunaaðila eða aðra sem eru í áhrifastöðu).
- Leiðbeina öðrum um aðferðir til að fjalla um málefni af sjálfstrausti, taka gagnrýni og svara af öryggi.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Skilningur á starfseminni (F-STSH3SS-9)

Þrep	3
Vinnustundir	10
Námsgrein	Sértæk starfshæfni
Viðfangsefni	Skilningur á starfshæfninni

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að skilja og nota verkferla, starfsumhverfi og menningu fyrirtækisins til að ná árangri. Námsþættinum er einnig ætlað að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að skilja og nota menningu og starfsumhverfi fyrirtækisins.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leysa viðfangsefni þannig að lausnin feli í sér sameiginlegan ávinning og byggir á skilningi á málefnum, starfsumhverfi og menningu fyrirtækisins og annarra fyrirtækja/stofnana.
- Átta sig á því hvað er og hvað er ekki ásættanlegt eða mögulegt miðað við aðstæður með hliðsjón af menningu og starfsumhverfi sem ríkir í fyrirtækinu.
- Sjá fyrir niðurstöðu sem er grundvölluð á skilningi á menningu fyrirtækisins.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Viðskiptavinurinn í brennidepli (F-STSH2VV-16)

Þrep	2
Vinnustundir	10
Námsgrein	Sértæk starfshæfni
Viðfangsefni	Viðskiptavinurinn í brennidepli

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmanninn í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu með áherslu á að gera námsmanni kleift að öðlast hæfni í að viðhalda tengslum við viðskiptavini.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fylgjast með og fullvissa sig um að þörf viðskiptavinarins hafi verið mætt.
- Upplýsa viðskiptavin/birgja um breytingar á starfsemi/þjónustu og áhrif breytingarinnar á þá.
- Tryggja að þjónusta sé veitt þegar hennar er þörf.
- Forgangsráða málefnum viðskiptavina og sinna fyrst þeim sem eru brýnust.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Þrautsegja/seigla (F- STHÆ3SP-4)

Þrep	3
Vinnustundir	10
Námsgrein	Starfstengd hæfni
Viðfangsefni	Þrautsegja/seigla

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla námsmann í að viðhalda orku og einbeitingu frammi fyrir margþættum, breytilegum eða krefjandi viðfangsefnum með áherslu á að gera námsmanni kleift að aðlaga sig að tíðum eða viðvarandi krefjandi verkefnum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna virkni og halda yfirsýn andspænis erfiðum eða krefjandi aðstæðum (t.d. óljósar, síbreytilegar aðstæður eða mikið vinnuálag).
- Líta á truflun sem áskorun frekar en ógn.
- Beita eigin aðlögunarhæfni til að takast á við truflanir.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á virkni nema.

Starfshæfni (F-ALSH3SH-28)

Þrep	3
Vinnustundir	40
Námsgrein	Almenn starfshæfni
Viðfangsefni	Starfshæfni

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla þá almennu starfshæfni sem nauðsynleg er á vinnumarkaði. Hér er átt við þá persónulegu hæfni sem einstaklingur þarf að búa yfir til þess að taka ábyrgð í samfélaginu, sinna starfi á árangursríkan og faglegan hátt og getað þróast í starfi. Almenna starfshæfnin er mikilvæg bæði á vinnustað og í samfélaginu en á hana reynir á mismunandi hátt eftir aðstæðum og störfum. Almenn starfshæfni samanstendur annars vegar af hæfni til samstarfs (samskipti, samvinna, og jafnréttisvitund/umburðarlyndi) og hins vegar af hæfni til að sýna vönduð vinnubrögð (aðlögun, nýtni, skipulagning, dómgreind, vinnusiðferði, öryggisvitund, upplýsingaúrvinnsla og ábyrgð á eigin færnieflingu). Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við þau viðfangsefni og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu með það tilgangi að heildarmarkmið námsins náist.

Forkröfur:

Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Viðurkenndum og árangursríkum samskiptaleiðum.
- Mikilvægi liðsheildar í samvinnu til árangurs.
- Skaðsemi fordóma og þeim verðmætum sem felast í fjölbreyttu mannlífi.
- Hvar leita má að viðeigandi og traustum upplýsingum.
- Hvernig vinna má með upplýsingar (draga saman, setja fram).
- Starfa- og siðareglum vinnustaðarins/samfélagsins.
- Mikilvægi hagkvæmni og nýtni í fjölbreyttu samhengi.
- Mikilvægi aðlögunar til að ná árangri.
- Leiðum til að setja fram skipulag og áætlanir.
- Nauðsyn símenntunar.
- Öryggisreglum vinnustaðar.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Hlusta á aðra, tjá sig skýrt og stuðla að opnum samskiptum.
- Vinna með öðrum til að ná markmiðum hópsins eða fyrirtækisins.
- Nýta eigin gildi og þekkingu til að vinna á árangursríkan hátt með ólíkum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn*** við margskonar aðstæður.
- Finna og draga saman upplýsingar frá viðeigandi aðilum/heimildum* og greina frá þeim á skilmerkilegan hátt.
- Vega og meta hugmyndir og upplýsingar á hlutlægan hátt við ákvarðanatöku.
- Fara eftir og styðja starfa- og siðareglur vinnustaðarins/samfélagsins.
- Nýta verðmæti** á hagkvæman og skynsamlegan hátt til að ná markmiðum.

-
- Laga sig að aðstæðum eftir þörfum til að ná árangri í síbreytilegum aðstæðum og í vinnu með mismunandi einstaklingum og hópum.
 - Aðlaga og meta áætlanir til að ná settum markmiðum.
 - Greina og taka á eigin þörf fyrir símenntun og þróun til að bæta frammistöðu í starfi.
 - Koma auga á aðstæður sem geta skapað hættu á vinnustað og grípa til viðeigandi ráða til að halda vinnuumhverfinu öruggu fyrir sig og aðra.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Aðlaga tjáskipti að ólíkum viðmælendum og aðstæðum.
- Efla samvinnu og hvetja samstarfsfólk.
- Skapa vinnuumhverfi sem hlúir að fjölbreytni og jafnrétti.
- Vinna úr flóknum upplýsingum frá mismunandi heimildum/aðilum.
- Greina og takast á við margræðni í upplýsingum.
- Halda á lofti siðareglum og gildum vinnustaðarins.
- Stýra hagkvæmri notkun verðmæta.
- Aðlagast mjög fjölbreyttum þörfum og aðstæðum.
- Skipuleggja umfangsmikil verkefni.
- Skipuleggja og stýra eigin símenntun/þróun.
- Stuðla að aukinni öryggisvitund.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Dagsetning	Staður	Undirskrift þátttakanda

Dagsetning	Staður	Undirskrift umsagnaraðila